Endurgjöf

Til skýringar: Endurgjöf þýðir upplýsingar sem nemandanum eru veittar um stöðu hans í náminu borið saman við námsmarkmið og viðmið. **Endurgjöfin hefur enga þýðingu fyrr en nemandinn nýtir sér hana.** Forsenda þess að endurgjöf skili nemendum árangri er að námsmarkmiðið séu skýr og að búið sé að skilgreina viðmið um árangur. Viðmiðin segja nemandanum hvenær hann hefur ná markmiðinu. Þannig skapa námsmarkmið, verkefni, viðmið og endurgjöf eina heild.

Dæmi: Markmiðið (hvað?): Að kunni að vinna með pappamassa. Verkefnið (hvernig?): Nemandinn gerir skál úr pappamassa.
Viðmið (hvenær?): Nemandinn hefur rífið pappírinn í ræmur, þakið hann með límí, smurt honum jafnt yfir blöðruna.

Skálin er aðeins leið sem farin er til að nemandinn læri það sem skiptir máli þ.e. að vinna með pappamassa. Endurgjöfin beinist því ekki að skálinni, sem slíkri, heldur að því að nemandinn uppfylli öll viðmiðin og sýni þannig að hann hefur náð markmiðinu.

Verkefni með nemendum

Markmið kennslustundarinnar (hvað): Nemendur læri að skrifa persónulýsingu.

Vinnulag (fyrirmyndir, umræða, námsfélagar):

- Kennarinn hefur valið 4 – 5 misgóðar skriflegar persónulýsingar t.d. úr skáldsögu, blaðagrein og ómerktri nemendaritgerð.
- Kennarinn dreifir ljósritum af lýsingunum og hann eða nemendur lesa kaflana upphátt. Tilgangur persónulýsinga er ræddur.
- Eftir það vinna nemendur saman tveir og tveir (námsfélagar) í 5 mín. Hlutverk þeirra er að velja þá lýsingu sem þeir telja gefa bestar upplýsingar um persónuna og rökstyðja hvert atriði.
- Kennarinn ræðir nú við allan hópinn og biður spjallfélagana að segja hvaða kafli þeim hafi þótt bestur og hvers vegna.
- Kennarinn stýrir umræðum og skráir dæmi um góðar setningar nemenda á töfluna en þannig verður til banki sem nemendur geta nýtt sér þegar þeir fara að skrifa.

Viðmið (hvenær):

- Umræðunum lýkur með því að bekkurinn kemur sér saman um viðmið þ.e. þau atriði sem þurfa að vera til staðar í persónulýsingu. Með öðrum orðum: Hvenær hefur nemandi skrifað persónulýsingu þannig að hún verði góð? Viðmiðin gætu t.d. verið:
  - það er auðvelt að sjá fyrir sér hvernig persónan lítur út
  - áhugamál og/ eða starf persónunnar koma fram
  - viðhorf hennar og skoðanir komast til skila
  - lýsingin gerir persónuna áhugaverða svo mann langar til að vita meira um hana.

Verkefnið (hvernig):

Næsta skref er að hver og einn nemandi fær 20 mínútur til að skrifa lýsingu á persónu sem hann þekkir. Hann á að taka mið að öllum eða sem flestum viðmiðunum, en má að sjálfsögðu gera enn betur. Nemandinn skrifar lýsinguna á blaðsíðu sem er hægra megin í opnu.

Endurgjöf:

Þegar 20 mín. eru liðnar skiptast spjallfélagarnir á verkefnum og lesa það sem félaginn skrifaði með viðmiðin í huga.

- Félagi a) byrjar á því að draga fram að hvaða leyti félagi b) hefur náð viðmiðunum og rökstyður það með vísan í viðmiðin á töflunni. Hann bendir því næst á hvað hægt væri að gera enn betur miðað við viðmiðin.
- Félagarnir ræða málið og velta fyrir sér hvernig mætti bæta lýsinguna.
- Félagi b) velur þær tillögur sem hann kýs og skrifar nýjar setningar á vinstri blaðsíðuna.
- Félagarnir skipta um hlutverk og b) fer yfir og metur verkefi félaga síns á sama hátt.

Í getublönduðum hópi er æskilegt að hafa sömu markmið og viðmið fyrir alla, en gera meiri kröfur til þeirra sem standa undir þeim (sbr. djúpnám). Í einhverjum tilvikum gæti verið fullnægjandi að nemandi skilaði niðurstöðum með nokkrum orðum eða jafnvel munnlega.